

## Breytingartillaga vegna félagsaðildar

### Grein 2. Félagar

Var:

Aðilar að félaginu geta verið einyrkjar, fyrirtæki, opinber fyrirtæki, stofnanir og fagfélög. Árgjald er ákveðið á aðalfundi. Allir sem greitt hafa árgjald fyrir aðalfund eru fullgildir félagsmenn í félaginu það starfsár. Félagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram árlegt árgjald til félagsins.

Verður:

Aðilar að félaginu geta verið **einstaklingar**, einyrkjar, fyrirtæki, opinber fyrirtæki, stofnanir og fagfélög. Árgjald er ákveðið á aðalfundi. Allir sem greitt hafa árgjald fyrir aðalfund eru fullgildir félagsmenn í félaginu það starfsár. Félagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram árlegt árgjald til félagsins.

### Grein 4. Atkvæðisréttur

Var:

Allir félagar FENÚR hafa jafnan atkvæðisrétt og hefur hver félagi eitt atkvæði á aðalfundi félagsins. Þeir félagar sem ekki hafa gert skil á félagsgjöldum í síðasta lagi viku fyrir aðalfund eða auka-aðalfund hafa ekki atkvæðisrétt.

Verður:

**Lögaðilar sem eru** félagar FENÚR hafa jafnan atkvæðisrétt og hefur hver félagi eitt atkvæði á aðalfundi félagsins. Þeir félagar sem ekki hafa gert skil á félagsgjöldum í síðasta lagi viku fyrir aðalfund eða auka-aðalfund hafa ekki atkvæðisrétt.

**Einstaklingar hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi en ekki atkvæðisrétt. Einstaklingar eru gjaldgengir í stjórn og nefndir félagsins.**

### Árgjald

Árgjald fyrir einstaklinga: Lagt er til að árgjald einstaklinga verði kr. 3.000.

Gjaldflokkar verða 8 þar sem flokkur 1 verður fyrir einstaklinga, númer annarra flokka hækkar um einn.